

SJÓMANNALÖG.

41

19. maí

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Låenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

I. KAFLI.

Um ráðningarsamning skipstjóra.

1. gr.

Útgerðarmanni ber að sjá um, að gerður sé skriflegur samningur við
skipstjóra um ráðningarkjör hans.

2. gr.

Sé eigi annað ákveðið í samningnum um lengd ráðningartímans,
getur hvor aðili um sig sagt samningnum upp, með þriggja mánaða fyrirvara,
og sé ráðningu þá slitið í íslenzkri höfn, er skipið kemur í til fermingar eða
affermingar. Þó er skipstjóra rétt, eftir 18 mánaða starfstíma á skipinu, að
segja ráðningarsamningi sínum upp, með 3 mánaða fyrirvara, til ráðningar-
slita í fermingar- eða affermingarhöfn erlendis.

3. gr.

Útgerðarmaður getur vikið skipstjóra úr stöðu hans hvenær sem er.

Sé honum vikið úr stöðu, áður en ráðningartími hans er úti, og án þess,
að heimild sé til þess samkv. 4. og 5. gr., þá á hann rétt á bótum fyrir tjón
það, er frávikningin bakar honum.

Sé annað eigi sannað um upphæð tjónsins, á hann rétt á þriggja mán-
aða kaupi, og auk þess ferðakostnaði og fæðispeningum til hafnar þeirrar, er
ráðningu skyldi slitið í samkv. samningnum, eða til íslenzkrar hafnar, hafi
honum verið vikið úr stöðu erlendis, og komi ákvæði 2. gr., um ráðningarslit
í íslenzkri höfn, til greina.

4. gr.

Sé skipstjóra vikið úr stöðu sinni sakir veikinda eða meiðsla, er gera
hann óhæfan til skipstjórnar, á hann rétt á þriggja mánaða kaupi frá
ráðningarslitum,

41 Eigi hann sjálfur sök á veikindunum eða meiðslunum, eða hafi hann
19. maí leynt þeim, er hann réðist á skipið, á hann eigi rétt á kaupi lengur en hann
gegnir starfi sínu.

5. gr.

Sé skipstjóra vikið úr stöðu sinni vegna ódugnaðar, óráðvendni eða
vegna stórkostlegra yfirsjóna eða hirðuleysis við starf hans, á hann ekki rétt
á kaupi lengur en hann gegnir starfi sínu.

6. gr.

Farist skip, eða verði það fyrir sjóttjóni og sé dæmt óbætandi eða verði af
óviðráðanlegum ástæðum tekið úr þjónustu útgerðarmanna um ófyrirsjáanleg-
an tíma, er ráðningu skipstjóra þar með slitið, sé eigi annað ákveðið í samningi.
Skipstjóri er þó skyldur til að dvelja á staðnum, þar til skipverjum, skipi og
farmi hefir verið ráðstafað, og á hann rétt á kaupi þann tíma og dvalarkostnaði.

Um rétt skipstjóra til ferðakostnaðar heim til sín, kaups og fæðispen-
inga á heimleið og bóta fyrir muni, er farizt hafa, fer eftir því, sem ákveðið
er um skipverja í 41. gr.

7. gr.

Um kaupgreiðslu, er skipstjóri deyr, um umönnun hans og heimsend-
ingu, er sjúkdóm ber að höndum, um greftrun hans og meðferð eftirlátinna
muna hans fer eftir því, sem ákveðið er um skipverja í 24. og 28.—30. gr.

8. gr.

Sé skipstjóra heitið hluta af farmgjaldi eða afla skips eða af öðrum tekj-
um af ferðinni eða af ágóða útgerðarmanns af útgerðinni, og ráðningu er slitið,
áður en ferðinni er lokið eða reikningsárið er liðið, þá á hann rétt á að fá
svo mikinn hluta þessarar þóknunar, sem svarar til aflafengs hans, ef um hluta
af afla er að ræða, ella til starfstíma hans, að tiltölu við ferðina alla eða reikn-
ingsárið allt.

Eigi skipstjóri samkv. 3., 4. eða 6. grein rétt á kaupi fyrir lengri tíma
en hann gegnir starfi sínu, eða sé kaupgjald reiknað eftir 7. sbr. 24. gr., skal
þóknun sú, sem ræðir um í 1. málsg. þessarar greinar, ef aðila greinir á um
upphæð hennar, ákveðin með mati lögskráningarstjóra, þó svo, að hver aðili
um sig getur lagt það mat undir úrskurð sjúdóms.

II. KAFLI.

41

19. maí

Um skiprúmssamning skipverja.

1. Um samningsgerðina.

9. gr.

Skipstjóri ræður fyrir hönd útgerðarmanns stýrimann, vélstjóra og aðra skipverja og segir þeim upp.

Skipstjóri skal, ef því verður við komið, ráðgast við yfirvélstjóra um ráðningu þeirra skipverja, er starfa við vélgæzluna.

Skipstjóri má eigi ráða neinn mann á skip, er hann veit, að ráðinn er annarsstaðar.

10. gr.

Eigi má hafa börn yngri en 14 ára til vinnu á skipi.

Yngri menn enn 18 ára mega eigi vera kyndarar eða kolamokarar, og eigi hjálparengir við vélgæzlu, þeir sem yngri eru en 16 ára.

11. gr.

Sérhver skipverji, sem ráðinn er á skip, stærra en 12 smál. brúttó, skal hafa sjóferðabók eða sjóferðavottorð. Skipstjóri geymir sjóferðabækur eða sjóferðavottorð skipverja, meðan skipverji er í skiprúminu.

Sérhver samningur um ráðningu í skiprúm á skipi, sem stærra er en 12 smálestir brúttó, skal gerður skriflega. Skal hann skráður á skipshafnar-skrá og báðir aðilar undirrita hann í skipshafnarskránni. Í samningnum skal meðal annars greina:

1. fullt nafn skipverja, fæðingarár og dag, fæðingarstað og heimili,
2. stöðu hans á skipinu,
3. ferð þá eða tímabil, sem skipverji er ráðinn til, hvar ráðningu skuli slitið og uppsagnarfrest, sé um það samið,
4. umsamið kaup, og sé það ákveðið í einu fyrir ferðina, þá hve lengi búizt er við að sú ferð standi yfir,
5. umsamið kaup fyrir aukavinnu eða eftirvinnu,
6. önnur hlunnindi, er skipverji kann að vera ráðinn fyrir.

Þegar skipverji er ráðinn á skip, skal skipstjóri afhenda honum við-skiptabók, skipverja að kostnaðarlausu. Í viðskiptabók skal skiprúmssamningurinn skráður, svo og það, hvenær skipverji kemur í skiprúm eða fer úr því, uppsögn á samningi, og hvenær hún fer fram, greiðslur allar á kaupi, aflahlut eða annari þóknun. Sé vísað til kaupgjaldsskrár í skiprúmssamningi, skal skipstjóri sjá um að eftirrit af skránni sé á skipinu, til afnota fyrir skipverja.

41 Í viðskiptabók skulu vera prentuð ákvæði laga og reglugerða, er mestu
19. maí varða fyrir sjómannastéttina.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur nánari reglur um gerð viðskiptabóka, svo og sjóferðabóka og sjóferðavottorða.

2. Um ráðningartímann.

12. gr.

Sé skipverji ráðinn um ákveðinn tíma, eða með tilteknum uppsagnarfresti, en eigi ákveðið hvar hann fari af skipi, og endi ráðningartíminn meðan skip er í ferð, þá skal samningurinn gilda þar til skipið kemur til hafnar, þar sem ferma skal það eða afferma.

13. gr.

Sé eigi annað ákveðið um lengd ráðningartímans, getur hvor aðili um sig sagt samningnum upp, þannig, að skipverji fari úr skiprúmi á ráðningarsstað eða í höfn, er ferma skal eða afferma skipið í. Sé skipverji íslenzkur og ráðinn á skipið í íslenzkri höfn, geta aðilar þó aðeins sagt samningi upp, þannig að skipverji fari úr skiprúmi í íslenzkri fermingar- eða affermingarhöfn.

Uppsagnarfrestur á skiprúmssamningi stýrimanna og vélstjóra skal vera einn mánuður, ef öðruvísi er ekki um samið, en 7 dagar á öðrum skiprúmssamningum, nema á íslenzkum fiskiskipum 1 dagur.

14. gr.

Sé skipverji ráðinn um ákveðinn tíma eða til ákveðinnar ferðar, og verði hann kyrr á skipinu, eftir að ráðningartíminn er liðinn eða ferðinni lokið, en eigi gerður nýr samningur, þá getur hvor aðila um sig sagt samningnum upp samkvæmt 13. gr.

15. gr.

Skipverji, sem verið hefir í skiprúmi í 1½ ár frá því ráðningarsamningur síðast var gerður við hann, getur, enda þótt öðruvísi sé um samið, og þrátt fyrir ákvæði 13. gr. um brottför úr skiprúmi í íslenzkri höfn, farið úr skiprúmi í fermingar- eða affermingarhöfn skipsins, hafi hann áður sagt skiprúmssamningnum upp með þeim fyrirvara, sem greinir í 2. málsg. 13. gr.

16. gr.

Skipverja, sem rétt hefir til að fara úr skiprúmi samkv. samningi eða samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skal þó skylt að vinna nauðsynleg störf á skipinu, sé þess krafizt, þó eigi lengur en í 2 daga, eða ef skipið er seglskip, í 4 daga, frá því skipið kom til hafnar.

Ef gefa skal sjóferðaskýrslu eða halda sjóferðapróf, er skipverji

skyldur til að dvelja þar á staðnum þar til því er lokið, gegn kaupi og 41
dvalarkostnaði þann tíma.

19. maí

17. gr.

Ef lög eða yfirvöld í erlendri höfn, þar sem skipverji skyldi fara úr skiprúmi, banna honum landsvist eða heimta þær tryggingar fyrir landsvistarleyfi hans, er hann eigi getur sett, skal honum skylt að gegna áfram stöðu sinni á skipinu, þar til það kemur til hafnar, sem hann getur farið úr skiprúmi í.

3. Um kaup skipverja.

18. gr.

Skipverji tekur kaup frá og með þeim degi, sem hann kemur til vinnu á skipinu. Þurfi hann að ferðast frá ráðningarstað til skips, tekur hann kaup frá og með þeim degi, er sú ferð hefst.

Skipverji tekur kaup til þess dags, og að honum meðtöldum, er þjónustu hans á skipinu lýkur, eða sé hann skráður úr skiprúmi, þá til afskráningardags og að honum meðtöldum, enda hafi hann eigi áður misst rétt til kaups vegna sjúkleika eða af öðrum ástæðum.

Skipverji á ekki rétt á kaupi um þann tíma, er hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi.

Þurfi að reikna kaup fyrir mánuð eða brot úr mánuði, telst mánuðurinn 30 dagar.

19. gr.

Greiðslu á kaupi getur skipverji einungis krafizt, þegar skipið er í höfn, og aðeins einu sinni á viku.

Kaupið greiðist í peningum, hafi skipverji ekki óskað að fá það greitt með ávísun á útgerðina. Greiðslu má krefjast í mynt þeirri, sem gjaldgeng er á greiðslustaðnum, með því gengi, er bankar þar þá greiða fyrir mynt þá, sem kaupið er talið í í samningnum.

Ef íslenskur skipverji, sem staddur er erlendis, óskar að senda kaup sitt heim til Íslands, eru íslenskir ræðismenn skyldir til að veita honum aðstoð til þess ókeypis. Ríkissjóður ábyrgist peningasendingar þessar. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur nánari reglur um peningasendingar skipverja.

20. gr.

Skipverji getur krafizt þess, að $\frac{2}{3}$ hlutar af ógreiddu kaupi hans séu greiddir nafngreindum manni eftir ávísun.

Ávísanagreiðslur má eigi stöðva né lækka án samþykkis skipverjans fyrr en ráðningu hans er slitið, nema svo sé, að sá hluti kaupsins, er eigi var ávísað, hrökkvi eigi fyrir greiðslum á sektum, er skipstjóri hefir lagt á hann samkv. lögum þessum, skaðabótakröfum, er útgerðin á á hendur honum og rísa af starfi hans á skipinu, og kröfum yfirvalda á hendur honum, sem út-

41 gerðarmanni að lögum er skylt að tryggja með því að halda eftir kaupum skipverjans.

21. gr.

Skipstjóra er heimilt að halda eftir þriðjungi af þeim hluta kaups, er skipverji sjálfur getur tekið á móti, þar til skipverji fer úr skiprúmi, þó aldrei hærri upphæð en hálfsmánaðarkaupi.

22. gr.

Sé samið um ákveðna upphæð í kaup fyrir ferðina, skal farið eftir áætlun þeirri um lengd ferðarinnar, sem gerð er í viðskiptabókinni, ef reikna þarf kaup eftir tímalengd.

Standi ferðin lengur yfir en áætlað var, er skipverji réðist á skipið, á hann rétt á tiltölulegri viðbót við kaupið, sé eigi öðruvísi um samið. Standi ferðin skemur yfir, á hann allt að einu rétt á hinu umsamda kaupum að fullu.

23. gr.

Fækki skipverjum meðan ferð stendur yfir, skal kaup það, er við það sparast, meðan skipið er í hafi, skiptast milli þeirra, sem eftir eru, að tiltölu við aukna vinnu hvers þeirra um sig, hafi þeir eigi fengið hana greidda með borgun fyrir yfirvinnu.

24. gr.

Deyi skipverji, telst kaup hans til dánardags og að þeim degi meðtöldum, enda hafi hann eigi áður misst rétt til kaups, vegna sjúkleika eða af öðrum ástæðum.

Sé skipverji íslenzkur, og hafi hann verið í þjónustu útgerðarmannsins í síðustu sex mánuði áður en hann dó, skal útgerðarmaður greiða ekkju hans eða ólögráða börnum viðbótarkaup um einn mánuð.

Hverfi skip og verði eigi upplýst, hvenær það fórst, skal kaupið reiknast eins og dauða skipverja hefði að höndum borið, er sá tími var liðinn, sem skip slíkt sem þetta þurfti á þeim tíma árs til ferðar sinnar til ákvörðunarstaðar síns, þaðan sem síðast spurðist til þess.

25. gr.

Komi það í ljós, er reikningar eru gerðir upp, að skipverji hafi fengið meira greitt en honum bar, þá er það fé eigi afturkræft, ef svo er, að ráðningu skipverja sé slitið af þeim ástæðum einhverjum, sem ræðir um í 24. gr., 1. málsg. 32. gr., 34. eða 38—41. gr.

4. Um umönnun skipverja í veikindum og útför hans.

26. gr.

Skipverji er skyldur til að láta lækni rannsaka heilsufar sitt, ef skipstjóri krefst þess, enda sé það gert skipverja að kostnaðarlausu.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur með reglugerð skipað 41
fyrir um læknisskoðun skipverja. 19. maí

27. gr.

Veikist skipverji eftir að hann er kominn í skiprúm eða slasist, skal skipstjóri sjá um, að hann fái nauðsynlega umönnun á skipinu eða á landi, þar með talið fæði, hjúkrun, læknishjálp og lyf, og húsnæði, sé hann utan heimilis síns.

Ef ástæða er til að ætla, að skipverji sé haldinn sjúkdómi, sem hætta stafar af fyrir aðra menn á skipinu, skal skipstjóri, svo fljótt sem auðið er, láta lækni skoða sjúklinginn. Sé eigi öruggt, að verjast megi smithættu á skipinu, skal skipstjóri láta flytja sjúklinginn í land.

Geti sjúkur skipverji eigi sjálfur gætt muna sinna, skal skipstjóri annast um þá.

Sé skipverji skilinn sjúkur eftir erlendis, skal skipstjóri fela hann umsjá islenzks ræðismanns, eða sjá honum sjálfur fyrir góðri umönnun, ef ræðismaður er eigi á þeim stað, og tilkynna þetta þeim ræðismanni, sem næstur er.

28. gr.

Útgerðarmaður greiðir allan kostnað af umönnun sjúkra skipverja, meðan ráðningu þeirra er eigi slitið.

Sé skipverji veikur eða slasaður, er ráðningu hans er slitið, á hann rétt á að útgerðarmaður kosti umönnun hans í veikindunum í allt að sex vikur, eða í allt að tólf vikur, sé skipverji islenzkur og njóti umönnunar erlendis. Þetta tímabil telst frá því að skipverji er skráður úr skiprúmi, eða frá því skipið lét úr höfn, hafi hann eigi verið skráður úr skiprúmi. Sé islenzkur skipverji skilinn eftir erlendis, á hann auk þess rétt á ferðakostnaði og fæðispeningum til heimilis síns hér á landi. Sé hægt að útvega honum stöðu, eigi lægri en þá, er hann áður hafði, og eigi ver launaða, á skipi, sem fara á hingað til lands, eða til hafnar, sem hægara er að senda hann frá heim til sín, þá er hann skyldur að taka þeirri stöðu, ef heilsa hans leyfir.

Eigi skipverji sjálfur sök á veikindunum eða slysinu, eða hafi hann leynt þeim, er hann réðist á skipið, skal hann sjálfur bera kostnaðinn við umönnun sína vegna veikindanna, bæði áður en ráðningu var slitið og eftir, og ferð sína heim, og má þá draga kostnað þann, sem útgerðarmaður hefir haft af þessu, frá kaupum skipverjans.

Sé ráðningu skipverja, sem haldinn er smitandi berklaveiki, slitið, greiðir rikissjóður kostnað þann við umönnun hans og heimferð, sem útgerðarmaður skyldi greiða samkv. annari málsg. þessarar greinar.

Sé ráðningu islenzks skipverja, sem haldinn er smitandi kynsjúkdómi, slitið erlendis, greiðir rikissjóður kostnaðinn við umönnun hans vegna veikindanna, eftir að ráðningu hans var slitið.

41

19. maí

29. gr.

Deyi skipverji, skal skipstjóri gera útför hans sæmilega og tilkynna vandamönnum hans látið.

Skipstjóri skal í votta viðurvist láta gera skrá yfir muni hins látna, sem á skipinu eru. Deyi skipverji erlendis, skal skipstjóri afhenda næsta ræðismanni íslenskum skrá þessa. Reynist vandkvæði á að geyma muni þessa á skipinu, skal skipstjóri annaðhvort afhenda ræðismanni þá eða selja þá með sem heppilegustum hætti.

30. gr.

Deyi skipverji af sjúkdómi, slysum eða meiðslum og útgerðarmenn áttu að kosta umönnun hans, þá skulu þeir og kosta útförina.

Deyi íslenskur skipverji á þeim tíma, að ríkissjóði bar að greiða kostnaðinn við umönnun hans, ber ríkissjóði einnig að greiða útfararkostnað hans.

31. gr.

Verði skipstjóri að skilja veikan eða slasaðan skipverja eftir erlendis í umsjá ræðismanns, er honum skylt að setja tryggingu fyrir kostnaði þeim við umönnun skipverjans og annað, sem útgerðarmanni er skylt að greiða, samkv. 28. og 30. gr.

Kaup það, er skipverji kann að eiga inni, skal greitt ræðismanni, og má skipverji eigi ráðstafa því, án leyfis ræðismanns, meðan hann er í umsjá hans.

Geti skipstjóri eigi fengið aðstoð íslensks ræðismanns og verði því að greiða kostnað við umönnun íslensks skipverja vegna veikinda, er útgerðarmanni eigi bar að greiða, getur hann krafizt þess, að það fé sé endurgreitt sér úr ríkissjóði.

Ákvæði næstu málsg. hér að framan gilda einnig um kostnað vegna erlends skipverja, enda færi skipstjóri sönnur á það með læknisvottorði, að nauðsynlegt hafi verið að flytja skipverjann í land, annaðhvort sjálfs hans vegna eða vegna annara manna á skipinu, og að heilsufari hans hafi í engu verið áfátt, er hann réðist á skipið.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur nánari reglur um umönnun, greftrun og heimsendingu skipverja samkv. lögum þessum.

5. Um rétt skipstjóra til að víkja skipverja úr skiprúmi.

32. gr.

Sé skipverji eigi vinnufær um lengri tíma vegna veikinda eða slysa, eða sé hann haldinn sjúkdómi, er hætta stafar af fyrir aðra menn á skipinu, þá getur skipstjóri víkið honum úr skiprúmi. Á skipverji þá rétt á fullu kaupi sínu þar til ráðningu er slitið, og auk þess í einn mánuð frá ráðningu.

arslitum, sé hann stýrimaður eða vélstjóri, eða í 7 daga, sé hann í annari stöðu á skipinu.

41

19. maí

Sé skipverji sjálfur valdur að veikindunum eða slysinu, eða hafi hann leynt þeim, er hann réðist á skipið, á hann rétt á kaupi aðeins fyrir þann tíma, sem hann var vinnufær þeirra vegna, hvort sem honum er vikið úr skiprúmi eða eigi.

33. gr.

Skipstjóri getur ennfremur vikið skipverja úr skiprúmi:

1. ef hann reynist óhæfur til þess starfa, sem hann var ráðinn til,
2. ef hann kemur ekki til skips á ákveðnum tíma, og skipið á að láta úr höfn, eða ráða verður annan mann í hans stað,
3. ef hann verður sekur um mikil afglöp í starfi sínu, svo sem það, að óhlýðnast hvað eftir annað skipunum yfirmanna sinna, að beita ofbeldi við yfirmenn sína, að misþyrma öðrum mönnum á skipinu, eða er hvað eftir annað drukinn við störf sín,
4. ef hann verður sekur um þjófnað eða annan meiri háttar glæp, ef hann leynir manni á skipsfjöln, eða tollskyldum varningi, eða þeim varningi, sem útflutningsbann er á á fráfararstað skipsins eða innflutningsbann á ákvörðunarstað þess,
5. ef hann ber ágreining, sem ris af starfi hans á skipinu, undir erlend stjórnarvöld.

Skipstjóri skal, ef þess er kostur, halda próf eftir fyrirmælum 64. gr., áður en hann vikur skipverja úr skiprúmi samkv. þessari grein.

Skipverji, sem vikið er úr skiprúmi samkv. þessari grein, á ekki rétt á kaupi lengur en hann gegndi starfi sínu.

34. gr.

Ef skipverja er vikið úr skiprúmi, áður en ráðningartími hans er liðinn og án þess að heimild sé til þess í 32. eða 33. gr., þá á hann rétt á ferðakostnaði til þeirrar hafnar, er ráðningu skyldi slitið í samkv. samningnum, eða til íslenzkrar hafnar, ef ákvæði 13. gr. um ráðningarslit í íslenzkri höfn eiga við. Ennfremur á hann rétt á kaupi meðan á ferðinni stendur, þó eigi skemmri tíma en uppsagnarfresti þeim nam, sem hann átti kröfu til.

6. Um rétt skipverja til að krefjast lausnar úr skiprúmi.

35. gr.

Ef skipverji sannar, að hann eigi kost á að verða skipstjóri, stýrimaður eða vélstjóri, eða að hann eigi kost á æðri stýrimanns- eða vélstjórástöðu en hann þá er í, eða að ástæður hans hafi breytt svo frá því hann réðist á skipið, að það sé velferðarmál fyrir hann að geta losnað úr skiprúminu, þá

41 á hann rétt á að krefjast lausnar, ef hann fær annan dugandi mann í sinn
19. maí stað, og auki það ekki útgerðarmanni kostnað.

Þegar þannig stendur á, á skipverji aðeins rétt á kaupi fyrir þann tíma, sem hann er í skipróminu.

36. gr.

Ef illkynjuð farsótt geisar á áætlunarstað skipsins, og fái skipverji eigi vitneskju um það fyrr en eftir að hann réðist á skipið, þá er honum rétt að krefjast lausnar úr skiprómi þegar í stað, ef ferð er eigi hafin, en ella í fyrstu höfn, er skipið kemur í, eftir að hann fékk vitneskju um þessi atvik. Kaup tekur hann þá aðeins til þess tíma, er hann gengur úr skipróminu.

Sama gildir, ef það kemur í ljós eftir að skipverji réðist á skipið, að hætta er á að skipið verði hernumið eða verði fyrir tjóni af hernaðarvöldum, eða þess háttar hætta eykst til muna, frá því sem áður var.

37. gr.

Ef skipverji er ráðinn til ákveðinnar ferðar og ferðinni er breytt til muna, á hann rétt á að krefjast lausnar úr skiprómi þegar í stað, ef ferð er ekki hafin, en ella í fyrstu höfn, er skipið kemur í, eftir að hann fékk vitneskju um breytinguna.

Skipverji, sem fer úr skiprómi af því að ferð skipsins var breytt, á rétt á kaupi, ferðakostnaði og fæðispeningum til ráðningarstaðarins, fari hann úr skiprómi áður en ferð var hafin, en ella til þess staðar, er ráðningu skyldi slitið á samkvæmt samningnum.

38. gr.

Ef skip er óhaffært eða íbúðir skipverja bersýnilega heilsuspillandi, og skipstjóri bætir eigi úr þessu, eða ef skipstjóri neitar að láta skoða skipið samkvæmt 59. gr., þá á skipverji rétt á að krefjast lausnar úr skiprómi, og fer þá um greiðslu á kaupi, ferðakostnaði og fæðispeningum svo sem segir í 34. gr.

39. gr.

Ef skipverji sannar, að skipstjóri hafi misþyrmt honum, eða aðrir menn hafi misþyrmt honum á skipinu og skipstjóri eigi veitt sér vernd, þó þess væri beiðst, eða hann sannar, að skipstjóri láti hann eigi fá sæmilegt fæði, þá á hann rétt á að krefjast lausnar úr skiprómi, og fer þá um greiðslu á kaupi, ferðakostnaði og fæðispeningum svo sem segir í 34. gr.

40. gr.

Ef skip missir rétt til að sigla undir íslenskum fána, eiga skipverjar rétt á að krefjast lausnar úr skiprómi, og fer þá um greiðslu á kaupi, ferðakostnaði og fæðispeningum svo sem segir í 34. gr.

Eigi heimilar það skipverja að krefjast lausnar úr skiprúmi, þó skipstjóraskipti verði á skipinu, eða skipti verði á útgerðarmanni.

41
19. maí

7. Um slit skiprúmssamnings, er skip verður fyrir sjótjóni.

41. gr.

Farist skip, eða verði það fyrir sjótjóni og sé dæmt óbætandi eða verði af óviðráðanlegum ástæðum tekið úr þjónustu útgerðarmanna um ófyrirsjáanlegan tíma, er skiprúmssamningi slitið, nema öðruvisi sé um samið. Skipverja er þó skylt að taka þátt í björguninni og að vera viðstaddur, er sjóferðaskýrsla er tekin, og á hann rétt á kaupi og dvalarkostnaði þann tíma, er hann þarf að bíða á staðnum þess vegna eða hann þarf að bíða eftir ferð heimleiðis.

Ef skiprúmssamningi íslenzks skipverja er slitið erlendis af þeim sökum, er segir í fyrstu málsgrein þessarar greinar, á hann rétt á ferðakostnaði og fæðispeningum til heimilis síns hér á landi, og greiðist kostnaður þessi úr ríkissjóði. Auk kaups þess, er skipverji á rétt á samkvæmt fyrstu málsgrein þessarar greinar, á hann og rétt á kaupi meðan hann er á heimleið, þó eigi fyrir lengri tíma en tvo mánuði, sé hann stýrimaður eða vélstjóri, og eigi fyrir lengri tíma en einn mánuð, sé hann í lægri stöðu á skipinu. Skipverja er skylt að ganga í skiprúm á öðru skipi, samkvæmt ákvæðum 2. málsgreinar 28. gr., og á hann þá eigi rétt á kaupi frá útgerðarmanni skips þess, er fórst, fyrir þann tíma, sem hann er í hinu skiprúminu.

Bætur fyrir eignir íslenzkra skipverja, þær er farizt hafa við slysið, er útgerðarmanni skylt að greiða samkvæmt reglum, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur.

Eigi skipverji samkv. 32., 34. eða 37.—41. gr. rétt á kaupi fyrir lengri tíma en hann gegnir starfi sínu, eða sé kaupgjald reiknað samkv. 24. gr. og hafi honum verið heitið einhverri slikri þóknun, sem ræðir um í fyrri málsgr. 8. gr., skal sú þóknun ákveðin svo sem segir í síðari málsgr. 8. gr. Eigi skal sú þóknun skerða kaupgjald annara skipverja.

8. Um erlenda skipverja.

42. gr.

Konungur getur ákveðið, að erlendir skipverjar á íslenzkum skipum skuli njóta hlunninda þeirra, er íslenzkum skipverjum eru veitt í 28. og 41. grein, enda njóti þá íslenzkir skipverjar sama réttar um þessi efni sem innlendir í heimalandi hinna erlendu skipverja.

9. Um miskliðir út af ráðningunni.

43. gr.

Ef skipverji er óánægður með reikningsgerð skipstjóra, þá á hann rétt á að lögskráningarstjóri rannsaki reikninginn, hvort sem skipverji er skráður úr skiprúmi eða eigi.

Ef skipið er statt erlendis og ágreiningur ris milli skipstjóra og skipverja út af reikningsgerð skipstjóra eða starfi skipverja, skal leggja þann ágreining undir úrskurð þess ræðismanns íslenzks, er fyrst næst til.

Báðum aðiljum er skylt að hlíta úrskurði ræðismannsins, þar til unnt er að leggja málið fyrir íslenska dómstóla.

III. KAFLI.

Um skipsstörfin.

1. Um yfirmenn skipsins.

44. gr.

Skipstjóri hefir í öllum efnum hið æðsta vald á skipinu.

45. gr.

Það er skylda stýrimanns einkanlega að vera skipstjóra til aðstoðar við siglinguna og mælingar þær og reikninga, er þar að lúta, svo og við bókun í leiðarbók eða dagbók skipsins. Hann skal og líta eftir öðrum skipverjum, eftir skipinu sjálfu, áhöldum þess og útbúnaði, að svo miklu leyti, sem annað eigi leiðir af ákvæðum 47. greinar. Hann skal sjá um nauðsynlega skrásetningu á farmi, sem fer í skip eða úr skipi, líta eftir fermingu og affermingu og búlkun farms og vista.

Riti stýrimaður leiðarbók eða dagbók, ábyrgist hann, að rétt sé ritað.

46. gr.

Ef skipstjóri forfallast eða sé hann fjarverandi, og berí eitthvað það að höndum, sem hann hefir enga fyrirskipun gert um, skal stýrimaður, eða sá þeirra, sem æðstur er, ráða fram úr því, er eigi má fresta.

Deyi skipstjóri eða verði hann óhæfur til skipstjórnar eða viki hann úr stöðu sinni, kemur stýrimaður, eða sá þeirra, sem æðstur er, í hans stað, þar til nýr skipstjóri tekur við skipstjórn.

47. gr.

Það er skylda vélstjóra einkanlega að stjórna vélgæzlunni. Hann ber

ábyrgð á rekstri, meðferð og viðhaldi vélarinnar og leiðslum þeim og útbúnaði, sem til hennar heyra, svo og þess hluta af bol skipsins, sem lykur um katla og vélarúm, ásamt tilheyrandi kolabyrgjum, vatnsgeymum og ásgöngum. Hann lítur eftir eldsneytisforða skipsins og öðrum vélarnauðsynjum, veitir þeim móttöku og athugar magn þeirra og gæði. Hann lítur ennfreður eftir vélgæzlumönnum skipsins og vistarverum þeirra.

Vélstjóri skal tafarlaust tilkynna skipstjóra, ef hann verður var við galla á þeim hlutum skips, eða á áhöldum þeim eða útbúnaði, er nefndur er hér að framan.

Vélstjóri ritar í vélarbók og ábyrgist að rétt sé ritað.

48. gr.

Ef vélstjórar eru fleiri en einn á skipi, ber yfirvélstjóri ábyrgð á vél-gæzlunni í heild sinni. Hann skiptir verkum milli hinna vélstjórana.

Ef yfirvélstjóri forfallast eða sé hann fjarverandi og beri eitthvað það að höndum, sem hann hefir enga fyrirskipun gert um, skal sá hinna vélstjó-anna, sem æðstur er, ráða fram úr því, sem eigi má fresta.

2. Almennar starfsskyldur.

49. gr.

Skipstjóri og aðrir yfirmenn skulu koma sómasamlega fram við undir-menn sína. Líkamlegri refsingu má aldrei beita.

Allir skulu skipsmenn hegða sér sómasamlega, kurteislega og friðsam-lega og gæta nákvæmlega þeirra fyrirmæla, sem sett verða um góða siðu og reglu á skipinu. Þegar skipverji fær skipun frá yfirboðara sínum, skal hann láta á sér skilja með skýrum svörum, að hann hafi skilið skipunina.

50. gr.

Skipverji skal hlýða skipunum yfirboðara sinna, er að starfinu lúta, vera umhyggjusamur um skip og farm og yfirleitt vinna störf sín með á-huga og trúmennsku.

Tjón það, er skipverji veldur með yfirsjónum eða vanrækslu við störf sín, skal honum skylt að bæta. Dómstólarnir geta þó fært skaðabótaupphæð-ina niður, með hæfilegu tilliti til þess, hve mikil sökin var og tjónið, til efna-hags skipverja og annara atvika.

3. Um upphaf vistar skipverja, fjarveru hans og farangur.

51. gr.

Skipverji er skyldur að koma á ákveðnum tíma í skiprúmið. Eftir það má hann eigi fara frá skipi leyfislaust.

41 19. maí Eigi má neita skipverja um landgönguleyfi í frístundum hans, nema því aðeins, að nauðsynlegt sé, að hann fari eigi frá skipinu, vegna öryggis skips, farms eða manna, sem á skipinu eru, vegna nauðsynlegra skipstarfa eða vegna þess, að skipið er búið til brottferðar eða flytja á það til innan hafnar.

Geti skipverji eigi komið á skip á réttum tíma, skal hann tafarlaust skýra skipstjóra frá því.

52. gr.

Ef skipverji kemur eigi til skiprúms síns á ákveðnum tíma, fer frá skipi í leyfisleysi eða kemur eigi á réttum tíma aftur til skips úr landgönguleyfi, getur skipstjóri látið flytja hann á skip með aðstoð lögreglunnar, sé skipið eigi nægilega mannað án hans eða sé skipverji ölvaður.

53. gr.

Ef skipverji strýkur, getur skipstjóri selt með haganlegum hætti muni þá, er hann lét eftir á skipinu.

Nemi söluverð munanna og kaup það, er skipverji á inni, meiru en skaðabótakröfu útgerðarmanns, skal farið með afganginn samkv. ákvæðum 69. gr.

54. gr.

Skipverja er heimilt að hafa með sér á skipinu hæfilega mikið af farangri, er hann þarf til eigin nota, enda sé það eigi til бага fyrir skip eða farm og eigi hætt við, að af því stafi óregla á skipinu. Verzlunarvörur fyrir sig eða aðra má hann eigi hafa á skipinu, nema með leyfi skipstjóra.

Skipverja er skylt að greiða venjulegt farmgjald fyrir varning, sem hann hefir ólöglega með sér á skipinu, og bæta skaða þann, er af því hlýzt.

Ef skipstjóri hefir grun um, að ólöglegur varningur sé á skipinu, getur hann látið rannsaka hirzlur skipverja. Skipverjar þeir, er rannsakað er hjá, mega vera viðstaddir rannsóknina. Varning, sem skipverji hefir með sér ólöglega, getur skipstjóri tekið í sínar vörzlur, látið flytja á land eða varpa útbyrðis, ef nauðsyn krefur.

4. Um vinnu á skipi, viðurværi skipverja og aðbúð.

55. gr.

Þegar verkum er skipt, skal taka tillit til stöðu hvers skipverja á skipinu og þess gætt eftir föngum, að hann taki framförum í kunnáttu í starfi sínu.

Þeim manni, er verkum stjórnar, er skylt að gæta þess, að fylgt sé nauðsynlegum varúðarreglum gegn slysum og sjúkdómum.

56. gr.

41

Á sunnudögum eða öðrum helgidögum, sem lögteknir eru hér á landi, 19. maí
 má eigi setja skipverja til vinnu við þau störf, sem fresta má.

Skipverjum skal, ef þess er kostur, gefið tækifæri til að halda guðs-
 þjónustu á skipinu á helgidögum þessum.

57. gr.

Skipstjóri skal sjá um, að skipverjar fái nægan mat og góðan, og skal
 hann um það efni hlita reglugerð, er ráðherra setur um viðurværi skipverja
 á íslenskum skipum.

Ef nauðsyn ber til að matur sé dreginn af skipverjum á ferð, skal
 greiða þeim sanngjarnar bætur þess.

58. gr.

Skipstjóri skal hafa eftirlit með heilbrigðismálum og hreinlæti á skip-
 inu. Hann skal gæta þess, að fylgt sé nákvæmlega reglugerð þeirri, er at-
 vinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur um vistarverur skipverja, viðhald
 á þeim og hreinlæti í þeim.

5. Um haffærisskoðun.

59. gr.

Ef meiri hluti skipshafnar ber sig upp við skipstjóra yfir því, að skipið
 sé eigi haffært í ferð þá, sem því er ætluð, eða yfirvélstjóri, og umkvartan-
 irnar lúta að þeim hluta skips, áhalda þess eða útbúnaðar, er hann hefir um-
 sjón með, þá er skipstjóra skylt að láta fara fram aukaskoðun á skipinu,
 samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum um eftirlit með öryggi skipa, og
 reglugerðum, er settar eru samkvæmt þeim lögum. Komi kvörtunin fram í
 erlendri höfn, þar sem aukaskoðun getur eigi farið fram samkvæmt áður-
 nefndum reglum, skal skipstjóri snúa sér til yfirvaldanna þar á staðnum og
 fara fram á, að skoðunarmenn séu útnefndir til að dæma um haffæri skipsins.

Reynist það við skoðunina, að umkvartanirnar um óhaffæri skipsins
 höfðu eigi við skynsamleg rök að styðjast, skulu þeir, sem kærðu, greiða
 kostnaðinn við skoðunina og skaðabætur svo sem segir í annari málsg. 50. gr.

Ef skoðunargerð fer fram erlendis samkvæmt grein þessari, skal ræð-
 ismaður sá, er málið hefir haft með höndum, en ella skipstjóri, tafarlaust
 senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu skýrslu um skoðunina.

6. Um agavald skipstjóra.

60. gr.

Skipstjóri, eða sá, sem gengur í hans stað í fjarveru hans eða forföll-

41 um, getur þröngvað skipverjum til hlýðni með valdi, ef það er nauðsynlegt til
19. maí að halda góðri reglu á skipinu.

Þá er skip er í háska statt, eða skipverjar gera samblástur, eða önnur nauðsyn rekur til, er leyft að þrifa til hverskyns nauðsynjaúrræðis til að koma á hlýðni og góðri reglu, og er hver af skipverjum skyldur til að veita yfirmanni sínum aðstoð sína, jafnvel ótilkvaddur.

Biði sá tjón við þetta, er mótþróann sýndi, á enginn ábyrgð á því, ef yfirmaður beitti eigi meira harðræði en atvik kröfðu.

61. gr.

Drýgi skipverji meiri háttar glæp og sé skipið eigi statt í innlendri höfn, skal skipstjóri, svo fljótt sem auðið er, taka bráðabirgðaskýrslu um málið, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 64. gr. Ef glæpurinn var unninn í landi eða landhelgi annars ríkis, skal rannsókn þessi því aðeins fara fram, að yfirvöld á þeim stað reki eigi málið.

Þar til íslenzkur ræðismaður eða íslenzk yfirvöld geta tekið málið í sínar hendur, skal skipstjóri gæta þess efir föngum, að sakborningur hverfi eigi á burt, og er heimilt að byrgja hann inni eða hefta á annan hátt, ef þörf krefur, og ábyrgist skipstjóri, að hann sé ekki harðara leikinn en vera þarf.

I V. KAFLI.

Um refsivald skipstjóra.

62. gr.

Skipstjóri má refsa skipverja með kaupmissi í einn til sjö daga fyrir þessar yfirsjónir:

1. Komi hann eigi í skiprúmið á ákveðnum tíma, fari hann frá skipi í leyfisleysi eða komi eigi á ákveðnum tíma til skips úr landgönguleyfi.
2. Vanræki hann að tilkynna forföll, er valda því, að hann kemur eigi til skips á ákveðnum tíma.
3. Valdi hann hættu eða tjóni með hirðuleysi í starfi sínu.
4. Víki hann af verði, er hann hefir verið settur við stýri eða skipuð útsýn, eða komið er þar að honum sofandi eða ölvuðum, eða sé hann endranær ölvuður við störf sín.
5. Sói hann matvælum eða fari hann ótilhlýðilega með þau á annan hátt.
6. Leyni hann óviðkomandi manni á skipi eða hleypi manni á skip í leyfisleysi.
7. Flytji hann áfengi á skip eða annan varning, sem honum er óheimilt að hafa á skipi samkvæmt ákvæðum 54. gr.
8. Hegði hann sér ósæmilega við yfirmenn sína eða óhlýðnist skipunum þeirra, er að starfi hans lúta.

9. Taki hann þátt í barsmiðum eða gæti hann á annan hátt ekki góðrar háttsemi og reglu á skipinu.

41
19. maí

63. gr.

Refsingu þessari má eigi beita á skipum, sem eru í innanlandssiglingum né á öðrum skipum, meðan þau eru stödd í íslenskri höfn, og eigi fyrir yfirsjónir, sem drýgðar eru í íslenskri höfn og unnt var að kæra áður en skipið lét úr höfninni.

Eigi má úrskurða skipverja refsingu fyrr en 12 klukkustundir eru liðnar frá því að yfirsjónin var drýgð, og eigi síðar en vika er liðin, nema sérstök nauðsyn sé til þess, að frá því sé vikið.

64. gr.

Skipstjóri skal í viðurvist tveggja prófvotta, er hann sjálfur kveður til meðal hinna reyndustu manna af skipshöfninni, halda próf, áður en hann beitir refsivaldi sínu. Annar prófvotturinn skal vera stýrimaður eða vélstjóri, ef þess er kostur, en hinn úr flokki undirmanna skipsins. Þó skulu þeir báðir vera úr flokki yfirmanna, ef þess eru föng, þá er stýrimaður eða vélstjóri er hafður fyrir sök.

Við prófið skal yfirheyra skipverja þann, er fyrir sök er hafður, svo og vitni þau, er með þarf til sönnunar í málinu. Prófvottarnir geta látið skipstjóra leggja spurningar fyrir þá, sem yfirheyrðir eru. Framburður hinna yfirheyrðu og úrskurður skipstjóra skal ritaður í leiðarabók skipsins eða dagbók, eða í sérstaka prófbók, og skal lesa það, sem bókað var, upp fyrir þeim, sem hlut eiga að máli. Skipstjóri og prófvottarnir staðfesta með undirskrift sinni, að rétt sé bókað, og geta vottarnir látið bóka þær athugasemdir, er þeim þykir prófið gefa tilefni til.

Hafi skipstjóri eigi farið að svo sem hér var lýst, er úrskurður hans um refsingu ógildur.

65. gr.

Pegar refsing er ákveðin, skal eigi eingöngu tekið tillit til þess, hve mikilvæg yfirsjónin var eða til atvikanna, er hún var framin, heldur einnig til hegðunar hins seka að undanfögnu. Refsingu skal eigi beitt, ef yfirsjónin er smávægileg og ætla má, að áminning nægi.

Skipstjóri getur eigi kært skipverja fyrir yfirvöldunum vegna yfirsjónar, er hann hefir refsað honum fyrir, nema fyrirvari hafi verið gerður um það í refsíúrskurðinum.

66. gr.

Ef ástæða þykir til þess, getur skipstjóri gefið eftir, að nokkru eða öllu leyti, sekt sem hann hefir úrskurðað. Úrskurður um eftirgjöf sektar skal ritaður í leiðarabók eða dagbók skipsins, eða í prófbókina, og undirritaður af skipstjóra og tveim vottum, en er ógildur ella.

41

19. maí

67. gr.

Ef skipverji vill eigi una við refsingu, er skipstjóri hefir úrskurðað honum, og sé hann erlendis, getur hann borið fram kærú sína fyrir ræðismann, en gera verður hann það í síðasta lagi þá er hann fer úr skiprúmi.

Úrskurði ræðismanns skal hlíta fyrst um sinn við samningu lokareiknings skipverjans, en heimilt er hvorum aðila um sig, á ársfresti þaðan frá, að skjóta málinu til sjóðóms á heimili útgerðarinnar hér á landi.

Skipverji, sem kæra vill úrskurð skipstjóra, getur krafizt þess að fá eftirrit af prófunum og úrskurðinum, staðfest af skipstjóra.

68. gr.

Hafi skipverji eigi kært úrskurð skipstjóra fyrir ræðismanni, getur hann lagt kærú sína undir úrskurð sjóðóms á heimili útgerðar skipsins hér á landi, en gera skal hann það, áður en ár er liðið frá því hann fór úr skiprúmi. Mál samkvæmt 67. og 68. gr. sæta meðferð einkalögreglumála.

69. gr.

Kaup það, sem haldið er eftir samkvæmt 62. gr., skal skipstjóri greiða til lögskráningarstjóra eða ræðismanns, er skipverji er skráður úr skiprúmi, og láta fylgja staðfest eftirrit af prófunum og úrskurðinum, og skal það sent atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu ásamt kaupinu. Sé skipverji eigi skráður úr skiprúmi, skal skipstjóri sjálfur senda ráðuneytinu kaupið og eftirritið.

Fé því, er þannig safnast, skal varið til hagsmuna sjómönnum eða vandamönnum þeirra, eftir fyriræmum atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

V. KAFLI.

Um aðra menn, sem ráðnir eru á skip.

70. gr.

Ákvæði laga þessara gilda einnig, eftir því sem við á, um aðra menn, er ráðnir eru á skip af útgerðarmanni eða skipstjóra, en ekki teljast til venjulegra skipverja. Ákvæði 13., 32., 37. og 41. gr., um stýrimenn og vélstjóra, gilda og um bryta.

71. gr.

Um aðra menn, sem ráðnir eru á skip, gilda 10., 26., 27., 4. og 5. málsg. 28. gr., 29., 31., 49., 50., 54., 57., 58., 60., 61., 85. og 87. grein þessara laga, eftir því sem við á.

Menn þessir eru skyldir til að vinna þau verk eftir megni, sem skipstjóra þykir nauðsyn til öryggis skipinu.

72. gr.

41

Ákvæði 71. greinar 1. málsg. gilda og um sjómenn, sem sendir eru heim að tilhlutun ræðismanns. 19. maí

Gegn hæfilegri þóknun er þeim skylt að aðstoða eftir megni við vinnu á skipinu, sé þess krafizt, þó svo, að jafnan skal tekið tillit til fyrri stöðu þeirra.

VI. KAFLI.

Um refsingar.

73. gr.

Ef skipstjóri misbeittir valdi því, sem honum er veitt í 60. gr. og í 1. málsg. 61. gr., eða refsivaldi sínu, eða beiti hann ónauðsynlegri harðneskju við skipverja, vanræki skyldur sínar við veika eða slasaða skipverja, eða láti hann skipverja eigi fá lögboðið viðurværi, varðar það sektum, 10—1000 kr., eða fangelsi, ef miklar sakir eru, nema þyngri refsing liggi við brotinu samkvæmt öðrum lögum.

74. gr.

Í refsidómi samkvæmt 73. gr. má ennfremur, ef sérstaklega miklar sakir eru, ákveða, að dómfelldi skuli sviptur rétti til skipstjórnar ákveðinn tíma eða æfilangt. Skal þá jafnframt tekið fram í dóminum, hvort dómfelldi megi gegna stýrimannsstöðu meðan hann er sviptur rétti til skipstjórnar.

Dómstóll sá, er dæmir slíkan dóm, skal svo fljótt sem unnt er senda atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu eftirrit af dóminum svo og skipstjóra-skirteini dómfellda. Ef dómurinn heimilar dómfellda að gegna stýrimannsstöðu, lætur ráðuneytið honum í té stýrimannsskirteini þar að lútandi.

Þegar tvö ár að minnsta kosti eru liðin frá dómsuppsögn og sérstakar ástæður mæla með því, getur konungur, eftir tillögum atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, veitt dómfellda aftur rétt til skipstjórnar, enda þótt sá tími, sem til er greindur í dóminum, sé eigi liðinn.

75. gr.

Brjóti útgerðarmaður eða skipstjóri annars á móti skyldum þeim, sem honum eru lagðar á herðar í lögum þessum, þá varðar það 10—1000 króna sektum.

76. gr.

Ákvæði 73.—75. greinar gilda einnig um þann mann, sem gengur í stað skipstjóra í forföllum hans eða fjarveru.

77. gr.

Ef skipverji ræður sig í nýtt skiprúm þann tíma, er hann var skyldur

41 til að vera í öðru skiprúmi eftir eldri ráðningarsamningi, þá varðar það 5—19. maí 500 króna sektum.

78. gr.

Ef skipverji, í þeim tilgangi að koma sér hjá vinnu á skipi, annaðhvort vanrækir að koma til skips á ákveðnum tíma eða hverfur frá skipi, þá skal hann sæta sektum fyrir stök.

Strjúki skipverji er svo er ástatt, að skipi eða mönnum er með því stefnt í voða, eða séu að öðru leyti miklar sakir, getur refsingin orðið fangelsi eða betrunarhúsvinna allt að einu ári.

Strjúki skipverji með kaup, er hann hefir eigi unnið fyrir, skal honum refsað fyrir svik, hvort sem hann er kominn í skiprúmið eða eigi, nema ætla megi, að tilgangur hans hafi eigi verið sá, að draga sér kaup það, sem hann hafði fengið greitt, en hafði enn eigi unnið fyrir.

79. gr.

Hver, sem tælir skipverja til stroks eða hjálpar honum, með ráðum eða í verki, til að strjúka, sæti sektum eða fangelsi.

80. gr.

Ef skipverji ris upp móti skipstjóra eða þeim manni, sem er í skipstjóra stað, eða skorast undan hlýðni við þá, en beitir þó eigi ofbeldi eða ógnar með því, þá sætir hann 5—500 króna sektum, eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

81. gr.

Ef skipverji ræðst á skipstjóra eða annan yfirmann sinn með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi, varðar það fangelsi eða hegningarvinnu, allt að tveimur árum, ef miklar sakir eru. Séu málsbætur, má beita sektum.

82. gr.

Ef skipverjar, eða nokkur hluti þeirra, gerir samblástur, þá varðar það fangelsi, eða sektum ef málsbætur eru. Þó getur refsing hvatamanna eða foringja samblástursins orðið hegningarvinna allt að 6 árum, svo og refsing annara samblástursmanna, ef þeir hafa beitt líkamlegu ofbeldi eða mikið fjártjón hefir hlotið af samblæstrinum.

83. gr.

Ef skipverjar krefjast skoðunargerðar á skipi samkvæmt 59. grein, og það reynist við skoðunargerðina, að engin skynsamleg rök voru til að telja skipið óhaffært, þá varðar það 5—500 króna sektum, eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

84. gr.

Verði skipverji valdur að sjóslysi með hirðuleysi sínu, óvarkárn eða vanrækslu á skyldustörfum sínum, þá varðar það fangelsi eða sektum.

Sé hinn seki stýrimaður eða vélstjóri, má ennfremur ákveða í dómnum, að hann skuli sviptur rétti til stýrimennsku eða vélstjórnar, um ákveðinn tíma eða æfilangt. Í dómnum má þó heimila honum að gegna lægri stýrimanns- eða vélstjórastöðu en þeirri, er hann áður hafði, þann tíma, sem tiltekinn er í dómnum. Um eftirrit af dómnum og um atvinnuskírteini dómfellda fari svo sem segir í 74. gr. 41
19. maí

Þegar eitt ár að minnsta kosti er liðið frá dómsuppsögn, getur atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, ef ástæða þykir til þess, veitt stýrimanni eða vélstjóra, sem sviptur hefir verið rétti til stýrimennsku eða vélstjórnar, heimild til að gegna nánara tiltekinni lægri stýrimanns- eða vélstjórastöðu, eða jafnvel, ef sérstakar ástæður mæla með því, veitt honum aftur að fullu atvinnuréttindi þau, er hann var sviptur, hvorttveggja, enda þótt sá tími, sem til var greindur í dómnum, eigi sé liðinn.

85. gr.

Hafi skipverji varning með sér á skipi án leyfis skipstjóra, og skipi eða farmi stendur háski eða áhætta af varningi þessum, þá varðar það 5—500 króna sektum eða fangelsi.

86. gr.

Ef skipverji fer frá skipi, og er skipið í háska stött og hann gætir eigi þess, sem góðum sjómanni er skylt að gæta, varðar það hann sektum eða einföldu fangelsi.

87. gr.

Verði skipverji sekur um yfirsjón í skyldustörfum sínum með öðrum hætti en áður var sagt, eða raski hann góðri háttsemi eða reglu, varðar það 5—500 króna sektum.

88. gr.

Yfirsjónir þær, sem ræðir um í 77. gr., 1. málsg. 78. gr., 79., 80., 85. og 87. gr., skulu eigi sæta opinberri málssókn, nema sá krefjist þess, er misgert var við, skipstjóri eða útgerðarmaður. Krafa um málssókn skal gerð svo fljótt sem unnt er, og í síðasta lagi áður en ár er liðið frá því, að yfirsjónin var drýgð.

Mál út af brotum gegn 84. og 86. gr. skulu lögð fyrir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið til umsagnar, áður en málshöfðun er ákveðin. Sé um algerðan skiptapa að ræða, hafi skip steytt á grunni og orðið að leita hjálpar annara, eða hafi annað sjóslys orðið, er mauntjón hlaut af eða annað verulegt tjón, má eigi fella niður málssókn fyrr en leitað hefir verið um sagnar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Mál út af brotum gegn 2. og 3. málsg. 78. gr., 81., 82. og 84. gr. skulu sæta almennri meðferð sakamála, en mál út af brotum gegn 73., 75., 77. gr. 1. málsg. 78. gr., 80., 83., 85., 86. og 87. gr. skulu rekin sem almenn lög-reglumál.

41

19. maí

89. gr.

Hafi skipverji orðið sekur um yfirsjón og sætt refsingu fyrir hana eftir 62. gr., og verður mál höfðað um það á hendur honum, þá skal dómurinn kveða á um sekt hans með réttmætri hliðsjón af hinni fyrri refsingu hans, og má þá færa refsinguna niður fyrir það, sem ella er ákveðið fyrir þá yfirsjón, eða fella refsinguna niður með öllu.

90. gr.

Mál þau, er ræðir um í þessum kafla, skulu rekin í sjódómi.

91. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóð.

VII. KAFLI.

Um gildi laga þessara og afnám eldri lagaákvæða.

92. gr.

Með lögum þessum eru 30. gr., 2. málsg. 39. gr., 49.—52. gr., upphafsákvæði 1. málsg. 66. gr., 67.—73., 75.—113. gr., 253. gr., 2. málsg. 254. gr., 257. og 265.—277. gr. siglingalaga nr. 56, 30. nóvember 1914, úr lögum numdar.

93. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1931.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.